

Rökstudd ákvörðun endurskoðendaráðs vegna erindis A ehf. er varðar meint brot B, endurskoðanda.

Upphaf máls og málsmeðferð

Endurskoðendaráði barst erindi frá A ehf., dags. 29. október 2019, þar sem farið var fram á að ráðið tæki til athugunar og úrskurðar nánar tilgreindar afhafnir B. Endurskoðendaráð tók erindið fyrir á fundi sínum 6. janúar 2020 og var þá ákveðið að formaður ráðsins, Áslaug Árnadóttir og Hildur Árnadóttir myndu víkja sæti í málinu. Anna Mjöll Karlsdóttir, sem skipuð var varamaður formanns 24. janúar 2020, tók við meðferð málsins sem formaður og Jóhann Gunnar Jóhannsson, varamaður Hildar, tók sæti í ráðinu, auk Jóns Arnars Baldurs, sem er aðalmaður í ráðinu. Með bréfi endurskoðendaráðs dags. 31. janúar 2020 var B gert viðvart um erindið og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir B bárust ráðinu með bréfi hennar dags. 14. febrúar 2020. Ákveðið var að gefa A ehf. kost á að kynna sér athugasemdirnar og var það gert með tölvupósti dags. 19. febrúar 2020 en engar athugasemdir bárust.

Grundvöllur málsmeðferðar

Endurskoðendaráð starfar á grundvelli laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, en atvik þau sem hér eru til umfjöllunar, áttu sér stað í tíð eldri laga um endurskoðendur, nr. 79/2008. Gengið verður út frá því hér að þótt miðað verði við eldri lög varðandi háttsemina sem er til skoðunar, verði núgildandi lög lögð til grundvallar varðandi málsmeðferðina.

Efni kvörtunar A ehf., málsatvik og málsástæður

Í erindi A ehf. kemur fram að B hafi unnið fyrir X, en A ehf. hafi á sínum tíma sótt mál fyrir héraðsdómi á hendur honum vegna þóknunar fyrir lögmannsþjónustu. X hafi lagt fram álitserð í dómsmálinu, sem unnin hafi verið af B og sem sýndi að hún virtist hafa komist yfir tvo hreyfingalista virðisaukaskatts A ehf. á þriggja ára tímabili. Ágreiningi aðila dómsmálsins hafi lokið með dómsátt og ofangreind álitserð enga efnislega þýðingu haft í dómsmálinu. A ehf. óskaði eftir því að B upplýsti um það hvaða skjöl hún hefði haft undir höndum og af svörum hennar hafi mátt skilja að hún hafi fengið afhentan frá Tollstjóra útprentaðan hreyfingalista virðisaukaskatts A ehf. Ekki hafi fengist viðhlítandi svör um það með hvaða heimild hreyfingalistarnir hafi verið afhentir og verði að telja að afhending þeirra, viðtaka og nýting, hafi verið andstæð gildandi reglum og að B hafi verið það ljóst þegar hún aflaði gagnanna og nýtti sér þau. Því sé krafist úrskurðar um hvort B, löggiltur endurskoðandi, hafi með lýstri öflun virðisaukaskattsyfirlita hjá embætti tollstjóra og nýtingu þeirra við álitserð sína í þágu X, brotið gegn starfsreglum löggiltra endurskoðenda eða lagareglum gagnvart A ehf. Þá sé krafist málskostnaðar, standi reglur endurskoðendaráðs til þess.

Athugasemdir B.

Af hálfu B kemur fram að ekki sé hægt að sjá af erindi A ehf. hvaða starfsreglur löggiltra endurskoðenda eða lagareglur hún eigi að hafa brotið og engar heimfærslur séu þar til lagaákvæða. Því sé ekki hlaupið að því fyrir hana að átta sig á því hvert ágreiningsefnið sé. Í störfum hennar fyrir X hafi ekki verið veitt þjónusta á sviði endurskoðunar, heldur veitt álit á grundvelli sérþekkingar hennar á skattskilum og reikningshaldi. Þar sem ekki liggja fyrir hvaða lagaákvæði hún eigi að hafa brotið, verði að taka viljann fyrir verkið að því er andmæli hennar varðar. Tekið er fram að þar sem meint brot hafi átt sér stað í tíð eldri laga um endurskoðendur verði að líta til þeirra varðandi meint brot. Hún rekur ákvæði í III. kafla laga 79/2008 um starfsemi endurskoðenda, m.a. um að auk laganna skuli endurskoðendur fylgja siðareglum sem settar hafi verið af Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) og rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit. Fáir hún ekki séð að hún hafi með athöfnum sínum brotið gegn tilgreindum lagaákvæðum um starfsemi endurskoðenda. Þá telur hún að þrátt fyrir að í erindinu sé talað um starfsreglur endurskoðenda, megi ætla að átt sé við siðareglur endurskoðenda, byggðar á siðareglum alþjóðasamtaka endurskoðenda, sem settar voru á aðalfundi FLE árið 2009 og fengu staðfestingu ráðherra árið 2011. Þá nefnir hún ákvæði laganna sem gilda um störf endurskoðenda þegar hann veitir álit sitt á málefnum sem hann er sérfróður um, utan endurskoðunar og ákvæði í nefndum siðareglum, m.a. ákvæði 230.1 og telur að ekki verði séð að þessar reglur hafi verið brotnar. Að því er varðar umræddar upplýsingar frá innheimtumanni varðandi virðisaukaskatt A ehf, vekur hún athygli á því að þessar upplýsingar séu birtar árlega og sé þær upplýsingar að mestu leyti að finna í svokölluðu yfirliti yfir virðisaukaskatt frá innheimtumanni.

B telur að kvörtun gegn henni sé með óljósum tilvísunum og því sé það vart á hennar færi að setja fram athugasemdir, nema á grundvelli ágiskana um hvaða reglna sé verið að vísa til. Hún telur sig hafa gætt að þeim reglum sem henni sé skylt að fara eftir í störfum sínum og hafi ekki brotið á rétti A ehf. á nokkurn hátt, kvörtunin sé tilhæfulaus og eigi ekki rétt á sér. Telur hún því að vísa beri erindinu frá.

Niðurstaða

Endurskoðendaráð starfar eftir lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt 35. gr. laganna er það hlutverk ráðsins að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, góða endurskoðunarvenju, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Samkvæmt 48. og 49. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendaráði heimilt að beita tilteknum viðurlögum ef endurskoðandi/endurskoðunarfyrtæki brýtur gegn þeim lögum, reglum settum á grundvelli laganna eða vanrækir alvarlega skyldur sínar að öðru leyti að mati endurskoðendaráðs. Í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem í gildi voru þegar atvik máls þessa áttu sér stað, var að finna sambærilegt viðurlagaákvæði og er í 48. gr. núgildandi laga.

Af lýsingu á atvikum í máli því sem hér er til umfjöllunar verður ekki séð að athafnir framangreinds endurskoðanda lúti að störfum við endurskoðun skv. lögum nr. 94/2019 eða kunni að fela í sér brot á siðareglum endurskoðenda. Eins og atvikum máls þessa var háttað verður ekki séð hvernig B aflaði

sér umræddra gagna eða að slík öflun gagna og framlagning fyrir dómi varði við þau lög og reglur sem valdsvið endurskoðendaráðs nær til. Með því er ekki tekin afstaða til þess hvort öflun umræddra gagna og notkun þeirra í dómsmálinu kunni að varða við ákvæði annarra laga eða reglna og eftir atvikum varða viðurlögum samkvæmt þeim heimildum.

Í ljósi framangreinds telur endurskoðendaráð að sú háttsemi sem kvartað er yfir falli ekki undir valdsvið ráðsins eins og það er skilgreint í lögum nr. 94/2019, sbr. áður lög nr. 79/2008. Ráðið hefur því ekki heimild til að fjalla um þá háttsemi sem kvartað er yfir. Verður af þeirri ástæðu að vísa framangreindu erindi frá endurskoðendaráði. Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008, er endurskoðendaráði heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu. Það er afstaða endurskoðendaráðs með hliðsjón af málavöxtum og atvikum máls að öðru leyti að ekki sé tilefni til að fallast á framkomna kröfu A ehf. um greiðslu málskostnaðar. Samkvæmt því er kröfu A ehf. um greiðslu málskostnaðar hafnað.

Ákvörðun endurskoðendaráðs:

Kvörtun A ehf. á hendur B er vísað frá endurskoðendaráði. Kröfu um málskostnað er hafnað.

Reykjavík, 6. júlí 2020